

	HAGF2PE05 - Þjóðhagfræði Kaflapróf úr köflum 10 - 18	Haustönn 2025
	Nafn: _____	Eink.: _____

35% Krossaðu við rétt svar. 1 kross á dæmi.

1. Verðþiggjandi markaðsaðili er aðili sem

- ☐ þiggur verð frá samkeppnisaðila
- ☐ þiggur það verð sem ákveðið er af markaðsöflunum
- ☐ þiggur verðið frá frænda sínum
- ☐ þiggur verðið frá hinu opinbera

2. Fullkomin samkeppni er þegar

- ☐ einn framleiðandi ræður verðinu á vörunni og aðrir framleiðendur fylgja eftir
- ☐ einn og bara einn framleiðandi framleiðir vöruna og ákveður vöruverðið
- ☐ margir og smáir framleiðendur og enginn er ráðandi í verði vörunnar
- ☐ allt er fullkomið og í himnalagi

3. Hver af eftirfarandi framleiðsluþáttum er mest fastur?

- ☐ Smiður
- ☐ Kennari
- ☐ Viðskiptafræðingur
- ☐ Kjarnorkufræðingur

Hvers vegna? _____

4. Hver eftirfarandi kosta við einkavæðingu er EKKI kostur?

- ☐ Reksturinn batnar
- ☐ Frumkvæði og nýsköpun leysist úr læðingi
- ☐ Samkeppni minnkar
- ☐ Auknar tekjur hins opinbera

5. Verðbólga er

- ☐ þegar samkeppnisaðilar hækka sín verð
- ☐ þegar vextir hækka
- ☐ þegar verð bólgnar út
- ☐ hækkun á almennu verðlagi á einu ári

6. Philips kúrvan tekur á sambandi

- ☐ verðbólgu og launahækkana
- ☐ verðlags og launa
- ☐ gjaldeyrisviðskipta og verðbólgu
- ☐ launahækkana og gjaldeyrisviðskipta

7. Atvinnuleysi vegna samdráttar í samfélaginu er vegna

- ☐ samdráttar í launaumslagi almennings
- ☐ of lítilli eftirspurn eftir vörum og þjónustu í þjóðfélaginu
- ☐ hárrar verðbólgu í þjóðfélaginu
- ☐ of lágs verðlags á vörum og þjónustu

8. 15% Hver er skilgreiningin á hreinni landsframleiðslu?

9. 10% Eftirfarandi eru tölur úr reikningum þjóðarinnar Air Nomads fyrir árið 2017. Hversu mikil eru útgjöld hins opinbera (*Finnið X*)?

Einkaneysla.....	1200
Fjárfestingar	900
Útgjöld hins opinbera	X
Útflutningur.....	850
Innflutningur	900
Landsframleiðsla	2750

Formúlan:

Einkaneysla + Fjárfestingar + Útgjöld hins opinbera + Útflutningur – Innflutningur = Landsframleiðsla

- 10.** 20% Atvinnuleysi er mjög slæmt fyrir hvern þann sem upplifir það.
Hverjar eru helstu afleiðingar atvinnuleysis á samfélög?

- 11.** 20% John Maynard Keynes birti almenna kenningu sína um atvinnu, vexti og peninga í miðri kreppunni (1936).
Hver var þessi kenning Keynes?
